

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. apríl 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 445 21 nóvember 1984.

Lönaðarráðuneytið, 21. mars 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Rangæinga.

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þess.

Hitaveitan lætur setja rennismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heypurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennismæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 49,60

Par til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúða-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín. fyrir hverja 100 m³, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín. fyrir hverja 100 m³.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast kr. 130,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

- | | |
|--|------------|
| a) Fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " | kr. 193,00 |
| b) Fyrir mæla 1" til 2" | kr. 386,00 |
| c) Fyrir mæla 3" eða stærri | kr. 775,00 |

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 229,00

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimædagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

- | | |
|--|---------------|
| Fyrir hús allt að 400 m ³ | kr. 78 500,00 |
| Fyrir hús stærri en 400 m ³ | kr. 78 500,00 |
| að viðbættum | kr. 60,10 |
- fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Hús sem er með kynditæki, þegar hitaveitan tekur til starfa og tengjast hitaveitunni fyrir árslok 1983 fá afslátt af heimædagjöldum, sem hér segir:

- | | |
|--|---------------|
| a) Fyrir hús með vatnshitakerfum er veittur 20% afsláttur, þ. e. | |
| greiða skal | kr. 62 800,00 |
| fyrir hvert hús, auk | kr. 48,20 |
| fyrir hvern rúmmetra umfram 400. | |
| b) Fyrir rafhituð hús með rafmagnsofnum er veittur 50% | |
| afsláttur þ. e. greiða skal | kr. 39 200,00 |
| fyrir hvert hús, auk | kr. 30,00 |
| fyrir hvern rúmmetra umfram 400. | |

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimædagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimædagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 550,00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða kr. 1 127,00 fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 342,00 Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda. Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 370 23. ágúst 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 799/1983 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitaflatir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.